

Nr. 15/1906:

Tryggvi Gunnarsson  
f. h. Landsbankans  
gegn  
Ólafi Guðmundssyni.

## D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í héraði af áfrýjandanum, Tryggva Gunnarssyni, fyrir hönd Landsbanka Íslands gegn stefnda, Ólafi Guðmundssyni, lausamanni í Reykjavík, til greiðslu á vixli, útgefnum 10. okt. f. á. af Eiríki Guðmundssyni til borgunar 10. desbr. s. á., er stefndi hefir gerst ábekingur á, og var málið dæmt í bæjarþingi Reykjavíkur 8. febr. þ. á. á þá leið, að Ólafur Guðmundsson skuli greiða Tryggva Gunnarssyni fyrir hönd Landsbankans 50 kr. með 6<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vöxtum frá 10. desbr. f. á. til borgunardags, þóknun  $\frac{1}{3}^0/10$  af þeirri upphæð og afsagnarkostnað 3 kr., en sé að öðru leyti sýkn af kröfunum í málinu, ef hann, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu vinnur eidd að því, að tölu-upphæðinni á vixlinum hafi án hans samþykkis verið breytt þannig, eftir að hann ritaði nafn sitt á hann, að tölustafurinn 1 hafi verið ritaður framan við 75, en vinni hann eigi eidd þennan, beri honum ennfremur að greiða 100 kr. með 6<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vöxtum frá sama gjalddaga til borgunardags, þóknun  $\frac{1}{3}^0/10$  af þeirri upphæð og 20 kr. 50 a. í málskostnað.

Þessum bæjarþingsdómi hefir Tryggvi Gunnarsson fyrir hönd Landsbankans áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu útgefni 7. marz þ. á. og krafist þess, að dómurinn verði úr gildi feldur og stefndi skilyrðislaust dæmdur til að greiða 150 kr. með 6<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vöxtum frá 10.

desbr. f. á. til borgunardags, þóknun  $\frac{1}{3}\%$  af þeirri upphæð og afsagnarkostnað 3 kr., svo og málskostnað allan að skaðlausu. Hinn stefndi Ólafur Guðmundsson hefir af sinni hálfu krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði að öllu leyti staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda.

Víxill sá, er hér ræðir um, hljóðaði í upphafi upp á 175 kr., en 25 kr. hafa verið afborgaðar. Stefndi heldur því fram, að hann sé falsaður, þar sem upphæð sú, sem skrifuð er með tölustöfum í horni víxilsins, hinu hægra, hafi verið 75 kr. að eins, þegar hann skrifaði á harn, og tölustafnum 1 hafi eftir það verið bætt framan við, svo upphæðin hafi orðið 175 kr. Þótt nú að upphæðin 175 kr., sem skrifuð er með bókstöfum á miðbiki víxilsins, hafi staðið þar er stefndi ritaði á hann, sem hann hefir ekki mótmælt — hann kveðst ekki hafa litið eftir því, hvað þar stóð skrifað — þá verður hann þó, samkvæmt 6. gr. víxillaganna 13. jan. 1882, ekki skyldaður til að greiða víxilinn samkvæmt þeirri upphæð, svo framarlega sem töluupphæðin á horni víxilsins hefir verið fölsuð á framangreindan hátt, og með því að eigi er ómögulegt að svo sé, þó að eigi sjáist merki þess á víxlinum, þá virðast úrslit þessa máls, að því er snertir 100 kr. af víxilupphæðinni, eiga samkvæmt N. L. 5—1—6 að vera komin undir eidi stefnda, og bæjarþingsdóminn ber því að staðfesta. Málskostnaður fyrir landsyfirdómi þykir rétt að falli niður, ef hinn fyrirlagði eiður verður unninn, en að öðrum kosti greiði stefndi áfrýjanda hann að skaðlausu.



## Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, ef hinn fyrirlagði eiður verður unninn, en að öðrum kosti greiði stefndi áfrýjanda hann að skaðlausu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 38/1905: Hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps  
 gegn  
 háyfirdómara L. E. Sveinbjörnsson.

## D ó m u r:

Haustið 1904 lagði hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi, áfrýjandi máls þessa, aukaútsvar, að upphæð 10 kr. á stefnda háyfirdómara L. E. Sveinbjörnsson, en hann er búsettur í Reykjavík og þannig utanhreppsmaður. Stefndi taldi útsvarsálöguna ólögmeta og neitaði að greiða gjaldið; hreppsnefndin krafðist þess þá, að gjaldið væri tekið lögtaki, en fógetaréttur Reykjavíkur hratt þeirri kröfu með úrskurði, uppkveðnum 5. ág. f. á. Þessum fógetaréttarúrskurði hefir hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 18. nóv. f. á.; hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málsfærslumann, og hefir hann fyrir yfirdóminum gjört þær réttarkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi feldur og honum breytt þann-